

Hjörtur Hjartarson

frambjóðandi til stjórnlagabings

3304

ÞRÍR ÞRÍR NÚLL FJÓRIR



Nánari upplýsingar um
Hjörtur Hjartarson og málefnið
finnur þú á vefsíðunni

www.dagskammtur.wordpress.com

„Stjórnlagabing á
að vera vettvangur
almannabagsmuna
- ekki sérbagsmuna“

„Skýrari aðgreining milli
þriggja þátta ríkisvaldsins
mun geta stórbætt
stjórnsýslu og stjórnarfar
í landinu, bæði til skemmri
og lengri tíma titið.“

Gott fólk!

Ábugi minn á stjórnarskrá lýðveldisins er ekki nýr. Hins vegar er endurskoðun stjórnarskrárinnar jafnvel meiri nauðsyn en ég hugði. Ég býð mig fram til stjórnlagabings af því ég er sannfærður um að heilbriggt samfélag á Íslandi verður aðeins byggt upp með breint borð og á nýjum og traustari grunni. Í því felst tvennt. Í fyrsta lagi afdráttarlaust uppgjör við brunnið. Í öðru lagi, að Íslendingar semji sér eigin stjórnarskrá. Stjórnlagabingið er tækifæri sem við skulum gripa. Sjálfra okkar vegna og vegna komandi kynslóða.

Ekkert ákvæði stjórnarskrárinnar er undanþegið endurskoðun, en sum málefni bafa verið mér bugleiknari en önnur. Raunveruleg þrískipting ríkisvalds, lýðræði og jafnrétti eru lykilmál að því að losa um skaðleg tök sérbagsmunaafila á íslensku samfélagi. Draga þarf skýrari mörk milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds og auka ábrif kjósenda í kosningum. Almenníngur, þjóðin sjálf, þarf að geta gripið inn í mál á hverjum tíma og varið mikilvægustu bagsmuni sína.

Höfuðverkefni stjórnlagabings verður að ræða og útfæra stjórnarskrárbreytingar með bliðsjón af því sem kallað er eftir úti í samfélaginu, bugmyndir sem berast þinginu frá almenningi og frá þjóðfundi og stjórnlaganefnd. - Stjórnlagabing á að vera vettvangur almannabagsmuna. Sérbagsmunaöfl þarf að útiloka strax í kosningunum til þingsins 27. nóvember.

Frambjóðendur sem ná kjöri munu einnig leggja fram eigin bugmyndir til umræðu á stjórnlagabingi. Mig langar að skýra örlítið nánar málefni sem ég legg áherslu á, og helstu forsendur þeirra. Útskýra hvað ég á við með raunverulegri þrískiptingu ríkisvaldsins, auknum ábrifum kjósenda í kosningum og að þjóðin geti sjálf gripið inn í mál og varið mikilvægustu bagsmuni sína.

Með óskum um beillaríkt stjórnlagabing,

HJÖRTUR HJARTARSON

Hjörtur Hjartarson, frambjóðandi nr. 3304

Málefni og forsendur Raunveruleg þrískipting ríkisvaldsins

Ég ber virðingu fyrir stjórnarskrá lýðveldisins. Stjórnarskránni verður ekki kennt um hið efnahagslega, pólitíska og siðferðilega hrun sem landinu var stefnt í. Hins vegar er ég sannfærður um að einráðir formenn stjórnmalaflokka og einstakir ráðherrar hefðu ekki getað valsað um samfélagið eins og raun ber vitni, ekki síst hin síðari ár, ef raunveruleg þrískipting ríkisvaldsins hefði verið betur tryggð. Það hefði getað breytt miklu. Núverandi fyrirkomulag hefur fremur ýtt undir spillingu en hið gagnstæða. Því þarf að breyta.

Endurskoðun á valdmörkum löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómvalds verður fyrirferðamikil á stjórnlagabinginu og gæti leitt til róttækra breytinga á stjórnskipun landsins. Um það eru flestir sammála, þótt hugmyndir um hvað skuli gera séu mismunandi. Hugmyndir þeirra sem vilja ganga lengst í aðskilnaði milli þriggja þátta ríkisvaldsins snúast um að framkvæmdavaldið verði kosið sérstaklega, óháð kosningum til Alþingis. Þar með yrði alveg skilið á milli Alþingis og ríkisstjórnar og svonefnd þingræðisregla afnumin. Ráðherrar þyrftu þá ekki stuðning meirihluta á Alþingi til að sitja í ríkisstjórn. Þeir sem skemur vilja ganga hafa haldið á lofti þeirri hugmynd að þingmenn sem setjast á ráðherrastól, eigi að segja af sér þingmennsku og kalla inn varamenn. Sem millileið mætti hugsa sér, til dæmis, að halda þingræðireglunni en að ráðherrar væru ekki valdir úr hópi kjörinna fulltrúa á Alþingi. Það þýddi þá að utanþingsstjórn væri reglan. Hugsanlegt væri líka að búa við nánast óbreytt fyrirkomulag en tryggja agaða og faglega stjórnsýslu með stjórnarskrárbundnum ákvæðum um framkvæmd tiltekinna embættisverka.

Stjórnlagabingið þarf að ræða ítarlega mögulegar leiðir til að tryggja mun skarpari skil milli valdþáttanna þriggja en verið hefur. Um nauðsyn þess hefur verið rætt í áratugi. - Slík endurskoðun mun óhjákvæmilega snerta embætti forseta Íslands á afgerandi hátt.

Róttækar breytingar á stjórnskipan landsins verður að gera að vel athuguðu máli. Hitt þarf einnig að hafa í huga að það getur verið alvarleg yfirsýn að gera ekki nauðsynlegar breytingar meðan tækifæri gefst. Stjórnlagabing er slíkt tækifæri. Ekki er víst að það gefist aftur næstu áratugi.

Skýrari aðgreining milli þriggja þátta ríkisvaldsins mun geta stórbætt stjórnsýslu og stjórnarfar í landinu, bæði til skemmri og lengri tíma titið. Ég er reiðubúinn að gera það sem þarf til að ná því marki farsælegra, aðeins með hagsmuni almennings að leiðarljósi.

„Tryggja þarf að peningar og valdaaðstaða ráði ekki úrslitum um hvaða sjónarmið beyrast og verða ofaná í pólitískri umræðu.“

„Einn helsti kosturinn við þjóðaratkvæðagreiðslur, sem almenningur getur knúið fram, er fælingarmátturinn.“

„Lifandi og virkt lýðræði verður alltaf áhrifaríkasta leiðin til þess verja almannahagsmunum gegn ofríki sérhagsmuna.“

Aukin áhrif kjósenda í kosningum - persónukjör

Endurskoða þarf tilhögun alþingiskosninga og auka áhrif kjósenda. Eftir Hrunið kom fram skýr krafa í samfélaginu um persónukjör. Í slíku kjöri felst að almennir kjósendur geti haft meiri eða minni áhrif á það í kosningum hvaða frambjóðendur veljast sem fulltrúar þeirra á Alþingi. Við núverandi skipan eru stjórnmalaflokkarnir nær einráðir um það.

Útséð er með að hin gamalgrónu stjórnmalaflokkar muni verða við kröfunni um persónukjör. Stjórnlagabingið verður því að tryggja almennum kjósendum sanngjörn og heillavænleg áhrif í kosningum, að þessu leyti.

Fjölmargar aðferðir tókast við persónukjör. Í frumvarpi um persónukjör sem síðast sofnaði í þinginu, var gert ráð fyrir að stigið yrði eitt varfærnislegt skref í þá átt að auka áhrif almennra kjósenda á kostnað flokkanna. Í stuttu máli var hugmyndin sú að stjórnmalaflokkar veldu frambjóðendur á lista, eins og venjulega, en að þeir kjósendur sem kysu listann fengu að ráða efstu frambjóðendum í sæti. Slíkt fyrirkomulag hlýtur að teljast algjört lágmark. - Taka þarf mið af reynslu annarra þjóða af persónukjöri, nýta kostina en varast hætturarnar.

Stjórnlagbing þarf einnig að taka fyrir almennar leikreglur í kosningabaráttu. Tryggja þarf að peningar og valdaaðstaða ráði ekki úrslitum um hvaða sjónarmið heyrast og verða ofaná í pólitískri umræðu. Huga þarf að lengd kjörtímabils og takmörkun á setu þingmanna á Alþingi og eins sveitarstjórnarmanna í sveitarstjórnunum. Tvö kjörtímabil á Alþingi er hæfilegur tími.

Ég mun beita mér af fullum krafti í öllum þessum málum á stjórnlagabingi.

Þjóðin geti sjálf gripið inn í mál – þjóðaratkvæðagreiðslur að frumkvæði almennings

Krafa um að þjóðaratkvæðagreiðslur fengu aukið vægi í stjórnmalum landsins kom fram í búsáhaldabyltingunni, líkt og krafan um persónukjör. Einu áþreifanlegu viðbrögðin hafa hingað til verið samþykkt laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, sem síðan voru ranglega kynnt sem svar við lýðræðiskröfunni. Hvorki almenningur né tiltekinn minnihluti þingmanna getur kallað fram þjóðaratkvæðagreiðslu um nokkurt mál. Ekki nú fremur en áður. Staðan er óbreytt.

Tryggja þarf í stjórnarskrá að almenningur geti, að eigin frumkvæði, knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið mál eða stjórnvaldsákvörðun með söfnun undirskrifta. Skilgreina þarf nákvæmlega hvaða mál yrðu hugsanlega undanþegin og eins hvaða skilyrði yrði að uppfylla til þess að gild krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu teldist komin fram. Þá þarf að ákveða hvaða skilyrði atkvæðagreiðslan sjálf þurfi uppfylla til þess að niðurstaðan teldist gild, það er skilyrði um lágmarksþátttöku og þess háttar.

Slíkar atkvæðagreiðslur að frumkvæði almennings útiloka ekki aðrar leiðir til þess að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslur, svo sem fyrir atbeina forseta Íslands eða tiltekins minnihluta á Alþingi.

Þótt þjóðaratkvæðagreiðslur fái aukið vægi er ekki þar með sagt að allaf sé verið að gera út um mál með þeim hætti. Einn helsti kosturinn við þjóðaratkvæðagreiðslur, sem almenningur getur knúið fram, er fælingarmátturinn. Stjórnvöld eru líklegri til þess hafa almannahagsmuni að leiðarljósi og ganga fram af hófsemi, ekki síst gagnvart hópum í samfélaginu sem standa höllum fæti, ef þau vita að almenningur getur hvenær sem er skorist í leikinn. Hópar sem eru í veikri stöðu getu höfðað til réttlætiskenndar almennings. - Þjóðaratkvæðagreiðslur eru vörn gegn ójafnrétti og ójöfnuði.

Möguleiki almennings til þess að eiga frumkvæði að þjóðaratkvæðagreiðslu um mál þekkist í ýmsum ríkjum. Yfirleitt snýst málið um að koma í veg fyrir að lög taki gildi. Á Ítalíu getur þó 1% kjósenda knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um gildandi lög, og fengið þau felld úr gildi. Það er athyglisvert. Engin þjóð ætti að þurfa að búa í áratugi við lög sem 80% kjósenda eru andvíg, líkt og gerst hefur með lög um gjafakvótakerfið íslenska. - Þjóðaratkvæðagreiðslur eru vörn gegn yfirgangi sérhagsmunaafa.

Ég mun vinna að því að þjóðaratkvæðagreiðslur verði tryggðar almenningi í stjórnarskrá.

Eitt grundvallaratriði að lokum ...

Tryggja á með ótvíræðum hætti í stjórnarskrá að náttúruauðlindir landsins séu í almenningseign og að afraksturinn renni til þjóðarinnar. Lifandi og virkt lýðræði verður alltaf áhrifaríkasta leiðin til þess verja almannahagsmunum gegn ofríki sérhagsmuna.